

Gagnvirkur lestur

Ein leið sem mörgum hefur gagnast vel við lestur er að beita svokölluðum gagnvirkum lestri. Í stuttu máli fer hann þannig fram:

Skóðaðu – Líttu yfir textann áður en þú byrjar að lesa,

- lestu fyrirsagnir
- skoðaðu myndir
- veltu fyrir þér eða spáðu fyrir um hvað textinn fjallar.

Útskýrðu – Lestu textann og fylgstu vel með hvort þú skiljir hann. Ef eitthvað er óljóst, getur þú

- prófað að lesa aðeins áfram og gáð hvort skýring kemur í framhaldinu
- athugað hvort óþekkt orð líkist orði sem þú þekkir og skilur
- athugað hvort þú þekkir einstaka hluta í samsettu orði og þannig ályktað hvað orðið geti þýtt
- spurt féлага eða kennara eða leitað í orðabók.

Dragðu saman – Þegar lestri textans er lokið rifjar þú upp meginatriðin og gott er að skrifa þau hjá sér í fáeinum setningum. Oft eru vísbendingar um hvað er mikilvægast, t.d.

- fyrirsagnir kafla og millifyrirsagnir gefa oft vísbendingar um mikilvæg atriði
- feitletranir mikilvægra orða
- myndir og myndatextar
- samantekt höfundar í lok kafla.

Spyrðu spurninga – Að lokum er gott að búa til spurningar um mikilvægustu atriðin. Gættu þess að orða spurningarnar þannig að ekki sé hægt að svara þeim með já eða nei. Þú þarft að líka að geta svarað þeim.

Þessi aðferð nýtist vel við lestur á fræðitexta en gagnast einnig við lestur á annars konar lesefni, t.d. greinum í blöðum og netmiðlum.

Við lesum gjarnan á mismunandi hátt. Það er munur á því hvort við erum að lesa spennandi sögu-bók eða fræðibók. Sögubókina lesum við kannski nokkuð hratt, ekki endilega frá orði til orðs, heldur fer einbeitingin í að ná söguþræðinum. Þá höfum við í huga að fylgjast með persónunum; áttum okkur á því hvernig þær tengjast og hvaða áhrif atburðirnir sem sagt er frá hafa á þær. Öðru máli gegnir ef við erum að lesa til að læra eitthvað nýtt, t.d. fræðitexta eða námsbók. Þá þurfum við að lesa frá orði til orðs, staldra við og spyrja okkur hvort við skiljum, kannski að tengja við eitthvað sem búið er að læra áður, jafnvel skoða og bera saman við skýringarmyndir í textanum.

(Höfundur: Anna Guðmundsdóttir)